

## Skuggakosningar framhaldsskólanna

Landssamband æskulýðsfélaga og Samband íslenskra framhaldsskólanema stóðu fyrir Skuggakosningum í framhaldsskólum landsins í gær, fimmtudag. Á kjörskrá voru allir nemendur skólans. Skipuð var yfirkjörstjórn í skólanum sem og kjörstjórnir í fjórum kjördeildum. Kjósendum var skipt í kjördeildir eftir aldri. Markmið kosninganna var að vekja ungt fólk til umhugsunar um kosningarétt sinn sem og almenna lýðræðisvitund. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðunni [www.egkys.is](http://www.egkys.is)



## Miðannarmat

Miðannarmat verður birt nemendum fimmtudaginn 20. október klukkan 16:00. Tilgangur matsins er að nemendur og forráðamenn sjái hver staða nemandans er á miðri önn. Matið er gefið í þremur bókstöfum, A, B og C.

- A - staða nemandanna góð.
- B - staða nemandanna viðunandi.
- C - staða nemandanna óviðunandi.

Skólinn hvetur foreldra og forráðamenn að skoða matið með börnum

## Viðveruyfirlit

Allir nemendur og forráðamenn nemenda sem eru yngri en 18 ára hafa fengið sent viðveruyfirlit sem sýnir mætingarhlutfall nemandanna. Þeir nemendur sem eru komnir undir 80% í mætingu fá sent viðvörunarbréf frá skólanum með hvatningarorðum um að bæta mætingu sína.

## Próftafla

Próftafla jólaprófa var birt á heimasíðu skólans í dag. Fyrsti prófdagur er 2. desember hjá nemendum í 5. og 6. bekk. Nemendur í þriggja ára námi byrja síðar. Haustannarprófunum lýkur með sjúkraprófum hjá öllum bekkjum 16. desember.



## Stoðkennarinn

Nemendur sem vilja rifja upp og auka færni sína í stafsetningu og íslensku geta keypt áskrift að námskeiði á heimasíðunni [www.stodkennarinn.is](http://www.stodkennarinn.is) Skólinn hefur greitt grunngjald hjá Stoðkennaranum fyrir námskeið í íslensku sem þýðir að nemendur skólans fá áskriftina á 1.450 kr. fyrir önnina.

## Málfundur

Málfundafélag skólans stóð fyrir málfundi á þriðjudaginn var. Á fundinum voru boðaðir fulltrúar frá öllum flokkunum sem bjóða fram í komandi Alþingiskosningum. Góð mæting nemenda var á fundinum. Málfundurinn og Skuggakosningarnar voru liður í svokallaðri Lýðræðisviku sem framhaldsskólar voru hvattir til að halda.



## Aðalfundur foreldrafélagsins og fræðslufyrirlestur



skóla Íslands.

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 27. september. Metþátttaka var eða í kringum 250 foreldrar. Á fundinum var farið yfir liðið starfsár félagsins og þá komu fulltrúar úr nemendafélaga skólans og kynntu sitt starf. Eftir kaffihlé kom Þorgrímur Þráinsson í heimsókn og hélt fyrirlestur og ræddi við foreldrahópinn eins og um nemendur væri að ræða. Mikil ánægja var með fyrirlesturinn og þessa skemmtilegu nálgun hans á efniinu. Foreldrafélagið minnir á Facebook hóp sinn, Foreldrafélag Verzlunarskóla Íslands.

## Bleikur dagur

Starfsfólk skólans lét ekki sitt eftir liggja í dag á bleikum föstudegi. Hér má sjá hluta af starfsmönnum skólans stilla sér upp fyrir myndatöku í morgunkaffinu. Fjöldinn allur af nemendum tók einnig þátt í deginum og mættu í bleiku.

